

Nesbúegg ehf.
Vatnleysuströnd
190 Vogar

3. febrúar 2026
UOS2501542/A.E.H.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 14. ágúst 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Nesbúegg ehf. á Vatnleysuströnd þann 4. júní 2025. Þann 21. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfi. Starfsleyfið er útrunnið, rann út 6. maí 2025. Rekstraraðili er búin að sækja um nýtt starfsleyfi. Gögnin voru send til Umhverfis- og orkustofnunar 3. júní 2026. Verið er að vinna í gerð starfsleyfis.
2. Ákvæðum í reglugerð nr. 851/2002, skil á grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Fullnægjandi grænu bókhaldi var skilað inn 23. janúar 2026 og er frávikinu lokað.
3. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla. Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á köfnunarefni né fosfór. Rekstraraðili skilaði inn BAT útreikningum fyrir árið 2024 á köfnunarefni og fosfór 22. janúar 2025. Frávikinu er lokað.
4. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 um bestu, fánlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla. Engar mælingar né útreikningar fyrir árið 2024 voru gerðar á ammóníaki. Rekstraraðili skilaði inn BAT útreikningum fyrir árið 2024 á ammóníaki 22. janúar 2025. Frávikinu er lokað.
5. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Sóðaskapur var fyrir framan eitt eldishúsið, virðist sem að skít úr búinu hafi verið smúlað út á plan. Rekstraraðili hefur þrifið svæðið fyrir framan eldishúsið. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
6. Gr. 9.2 í starfsleyfi. Fóður og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindýra og fugla. Fóðurrör hafði lekið og fóður var á jörðinni. Samkvæmt úrbótaáætlun var fóðurrör lagað 27. júní 2025. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.

7. 41. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu. Rekstraraðili setti árekstrarvörn við olíugeyminn 16. júní 2025. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
8. Ákvæðum í reglugerð nr. 990/2008 um skil á útstreymisbókhaldi. Útstreymisbókhald barst eftirlitsaðila 12. júní 2025 og telst frávikinu lokað.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson
lögfræðingur í teymi eftirlits